

# Minnisblað



Til: Bæjarráðs Vesturbyggðar  
Frá: Bæjarstjóra

Vesturbyggð 9. júlí 2020  
Málsnúmer: 2007027 RH

## Efni: Endurskoðun byggðaáætlunar

Á grundvelli laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015 skal samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggja fram á a.m.k þriggja ára fresti fyrir Alþingi stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til 5 ára. Gildandi byggðaáætlun var samþykkt í júní 2018 þannig að vorið 2021 verða liðin þrjú ár frá samþykkt hennar.

Hafin hefur verið endurskoðun byggðaáætlunar og hefur ráðherra ákveðið að efna til opins samráðs um mótun, form, inntak og framkvæmd hennar. Byggðastofnun heldur utan um ábendingar um áætlunina.

## Tillaga að ábendingum frá Vesturbyggð

Eftirfarandi eru þær spurningar sem lagðar eru fram vegna upphafs endurskoðunarinnar og skáletrað er tillaga að svörum frá Vesturbyggð.

**Við gerð núverandi byggðaáætlunar var efnt til opinna funda með haghöfum ásamt því að samráðsgátt á vegum Byggðastofnunar var opin allan vinnslutíma áætlunarinnar. Hvað finnst þér um slíkt samráð, ber að haga því með einhverjum öðrum hætti?**

*Vesturbyggð telur mikilvægt að haldnir séu opnir fundir með haghöfum en við skipulag slíkra funda sé litið til samgangna eftir árstíma þannig að tryggt sé að allir þeir sem vilja mæta hafi sem best tæk á því. Þá væri með tilkomu aukinnar vitundar og notkunar fjarfunda, æskilegt að slíkum opnum fundum væri streymt.*

**Hverjir eru að þínu mati helstu kostir núgildandi byggðaáætlunar? Tilgreindu einstök markmið og/eða verkefni og þá einnig þær ástæður sem þú telur liggja að baki.**

*Vesturbyggð telur helstu kosti núgildandi byggðaáætlunar liggja í því að skýrir mælikvarðar séu settir fram til að meta og mæla árangur byggðaáætlunar. Þá gefist aukið tækifæri til að leggja mat á þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í og hvort þær séu að skila tilætluðum árangri og uppfylli markmið um jöfn tækifæri til atvinnu og þjónustu, jafnari lífskjör og stuðli að sjálfbærri þróun byggðalaga. Þannig sé unnt að endurtaka aðgerðir sem gengið hafa vel og tryggja að þær aðgerðir sem gengið hafi illa verði ekki áframhaldið og þannig verði framlögum til byggðaáætlunar betur varið. Vesturbyggð telur áherslur á Störf án staðsetingar (aðgerð B7.), fjarvinnslustöðvar (aðgerð B8) og fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land (aðgerð B9) vera til þess fallin að uppfylla einna best markmið byggðaáætlunar um jöfn tækifæri til atvinnu og stuðli einna best að sjálfbærri þróun byggðalaga. Þá telur Vesturbyggð að áhersla á að fjölga íbúðum á svæðum þar sem sóknafæri er til þess að rjúfa stöðnun í atvinnumálaum vegna skorst á hentugu íbúðarhúsnæði (aðgerð C6) sé mikilvæg en sveitarfélagið telur þó að verkefnið sé enn ekki að skila tilætluðum árangri á tilteknum svæðum landsins. Aukin aðkoma leigugfélagsins Brieti í uppbyggingu húsnæðis á landsbyggðinni er mikilvæg í því samhengi, hvort sem er við umsýslu með eignir eða nýbyggingar.*

**Hverjir eru að þínu mati helstu gallar núgildandi byggðaáætlunar? Tilgreindu einstök markmið og/eða verkefni og þá einnig þær ástæður sem þú telur liggja að baki.**

*Aukin áhersla þarf að vera á innviðaupbyggingu, þá sérstaklega með tilliti til öruggra samgangna á grundvelli vinnu- og þjónustusóknarsvæðum og stækkun þeirra sem og tryggja betri fjarskipt bæði vegna*

atvinnuuppbyggingar og aukins öryggis á landsbyggðinni. Aukinn sveigjanleika þarf í áætlanir stjórnvalda til að takast á við verkefni innan vaxtasvæða. Mörg markmið og aðgerðir eru ekki komin af stað eða þau hafin en ekki markviss vinna í gangi. Skipun starfshópa í tilteknum aðgerðum tekur ekki mið af verkefnismarkmiði eða lýsingu í byggðaáætlun, eins og í aðgerð C16 er talað um suðurfirði Vestfjarða og Arnessýslu en engir fulltrúar þeirra svæða hafa komið að verkefninu enn sem komið er og var starfshópur sem skipaður var aðeins fyrir eitt landsvæði. Aðgerðirnar mættu því vera skýrari og við nánari útfærslu verkefna sé gætt að utanumhaldi og skipulagi með tilliti til verkefnalýsingar.

**Hverjar eru að þínu mati helstu áskoranir sem taka þarf tillit til við endurskoðun byggðaáætlunar?**

Helsta áskorunin fyrir byggðaáætlun og aðgerðir á grundvelli hennar er tíminn, en kröfur til innviða og þjónustu aukast árlega og ef innviðir og atvinnumöguleikar eru ekki til staðar, þá dregur það úr líkum á að markmiðum byggðaáætlunar verði náð.

**Út frá þeim áskorunum sem þú nefnir, hver ættu þá að þínu mati að vera forgangsverkefni nýrrar byggðaáætlunar?**

Í framhaldi af verkefninu Íslands ljóstengt (aðgerð A1) er mikilvægt að áhersla verði á uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni. Dreifbýlið er nú þegar komið fram mörkum stórum þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni og enginn áhugi er hjá fjarskiptafyrirtækjum að fara í slík verkefni á landsbyggðinni. Er það grundvallaratriði í byggðalegu tilliti að þessari uppbyggingu verði hraðað í þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni til að m.a. styðja undir markmið byggðaáætlunar um störf án staðsetninga.

Aukin áhersla á að vera á eflingu rannsókna, vísindastarfsemi og nýsköpun á landsbyggðinni, með m.a. aukinni áherslu á að tryggja að rannsóknar- og vísindasjóðir séu aðgengilegri og betur kynntir á landsbyggðinni, þar sem mikil atvinnustarfsemi og verðmætasköpun fer fram. Úthlutun úr rannsóknar- og nýsköpunarsjóðum síðustu ár sýna að það fjármagn er aðallega úthlutað til verkefna sem unnin eru á höfuðborgarsvæðinu. Styðja þarf í auknara mæli við staðbundin rannsóknasetur og gera fræðimönnum betur kleift að stunda sínar rannsóknir í því nærumhverfi sem rannsóknir og nýsköpun snertir, hvort sem er í sjávarútvegi, fiskeldi, landbúnaði eða öðrum greinum.

Þá er mikilvægt að áfram sé unnið í verkefnum störf án staðsetningar, fjarvinnslustöðvum og stuðning við aukin atvinnutækifæri um land allt. Að mati Vesturbyggðar er það eitt öflugasta tæki byggðaáætlunar til að sporna við fólksfækkun og einsleitu atvinnulífi á landsbyggðinni.

**Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi mótun, form, inntak og framkvæmd byggðaáætlunar?**

Aukinn verði enn frekar áhersla á innviðauppbyggingu á landsbyggðinni. Með áherslu á greiðar og öruggar samgöngur, fullnægjandi fjarskipti og aðgengi að heilbrigðisþjónustu eru auknar líkur á að einstaklingar og fyrirtæki sjái aukin tækifæri og hag af uppbyggingu og starfsemi á landsbyggðinni.